

Sæl Sigríður,

Takk fyrir spjallið og ábendingu um að koma okkar afstöðu á framfæri við nefndina.

Um 14. gr.

Í a-lið er lagt til að við 15. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., og jafnframt er 1. mgr., sem verður 3. mgr., umorðuð. Í 1. mgr. er áreitt að almenningi sé heimil för um Vatnajökulspjóðgarð og dvöl þar í lögmatum tilgangi og í 2. mgr. er kveðið á um að öllum sé skylt að ganga vel um náttúru þjóðgarðsins og menningarminjar. Gestir þurfi að sýna yrustu varúð og tillitsemi svo að náttúru, menningarminjum og mannvirkjum þjóðgarðsins verði ekki spillt auk þess sem þeim er skylt að hlíta fyrirmælum starfsmanna þjóðgarðsins um umgengni og háttsemi í garðinum. Kallast það á við ákvæði 3. mgr. 18. gr. laganna þar sem kveðið er á um heimildir þjóðgarðsvarða til að vísa hverjum þeim úr þjóðgarðinum sem brytur ákvæði laganna eða reglugerðar um Vatnajökulspjóðgarð.

Í 3. mgr. er nýtt ákvæði um að setja eigi í reglugerð ákvæði um tjöldun. Slik reglugerðarheimild hefur ekki verið til staðar í lögnum, en mælt er fyrir um reglur um tjöldun í reglugerð. Í lögum um þjóðgarðinn hefur einungis verið almenn gjaldtökuheimild fyrir aðgang að tjaldstæðum í þjóðgarðinum en í frumvarpi þessu er bætt úr skorti á viðeigandi lagaheimild fyrir þessu leyfi. Gert er ráð fyrir að í stjórnunar- og verndaráætlun verði settar nánari reglur um tjöldun fjarri skipulögðum tjaldsvæðum og að heimilt sé að setja sérreglur um tjöldun á einstökum svæðum.

Í b-lið er breyting á tilvisun innan ákvæðisins, en um lagatæknilega breytingu er að ræða sem þarfnast ekki frekari skýringa.

Í c-lið er nýtt ákvæði er kveður á um að afla skuli leyfis þjóðgarðsvarðar til lendingar loftfars innan Vatnajökulspjóðgarðs og að nánar skuli mælt fyrir um málsmeðferð og leyfisveitingar í reglugerð. Í framkvæmd hafa rekstraraðilar loftfara almennt leitað slíkra leyfa, en rétt þykir að kveða skýrt á um skyldu til að afla slíks leyfis í lögnum. Lending loftfara getur haft neikvæð áhrif á verndarhagsmuni þjóðgarðsins og er því mikilvægt að þjóðgarðsvarður meti hvort unnt sé að veita slíkt leyfi.

Einkum snýr afstaða okkar að þessari setningu - **Afla skal leyfis þjóðgarðsvarðar til lendingar loftfars innan Vatnajökulspjóðgarðs. Nánar skal mælt fyrir um málsmeðferð og leyfisveitingar í reglugerð.**

Þyrluflug væri því eini ferðamátinn sem þyrfti heimild þjóðgarðsvarðar en ekki einfaldlega hlíta fyrirmælum þjóðgarðsvarðar um umgengni og háttsemi.

Við vildum aðeins koma að nokkrum hugleiðingum sbr:-

1. Ferðamenn eru að leita gjarnan að því sem einkennir Ísland t.d. jökla og er ljóst að ef Vatnajökull er ekki valkostur að lenda hefur það afleiðingar á t.d. rekstur okkar félags. Um er að ræða þjóðgarð sem spannar 14% landsins og rétt að horfa til framtíðar hvað varðar t.d. lendingar.
2. Nú er það þannig að við höfum leitað heimilda til lendinga en í umræðum virðist sem mismunandi viðhorf hafi ríkt meðal svæðisstjóra og er slíkt óæskilegt. Æskilegt að forsenda fyrir lendingu sé skýr þ.e. ekki er verið að raska lífríki, jarðmyndunum, vatnakerfi o.s.frv. Slíkt verður þó ávallt nokkurt mat enda stórt landsvæði sem samanstendur af jökli, einstakri flóru,

eyðisöndum o.s.frv. Lending á jökli er því líklega háð öðrum forsendum en lending á eyðisandi.

3. „Lending getur haft neikvæð áhrif á verndarhagsmuni“ er t.d. matskennt mjög sem er óæskilegt. Af margskonar ferðamáta innan Þjóðgarðsins sbr. rútur, snjósleðar, jeppar o.s.frv. efumst við um að þyrla getir haft neikvæðari áhrif (t.d. snjósleðar, fjórhjól o.s.frv). Þannig er hugsanlega verið að takmarka ferðir eins ferðamáta án skýrrar forsendu sem getur talist mismunun án ástæðu. - Þess skal getið að NF hefur sett sér umhverfistefnu í handbókum sínum og hefur ávallt og mun ávallt ganga vel um ísl. náttúru.
4. Rétt til að benda á þá væri þyrluflug eini ferðamátinn sem þarf heimildir til afnota af Þjóðgarðinum og er spurning um jafnræði hvað það varðar og ekki síst á hvaða grunni slíkt jafnræði er takmarkað. - Það væri hinsvegar til önnur leið sem er að setja kröfur um lendingar sbr. að gæta að náttúrunni eins og við gerum reyndar.
5. Einnig bendi á að lending þyrlna almennt er ekki að gera kröfu um tilkostnað sbr. sérstaka aðstöðu, mannskap og annað eins og getið erum um í drögum.

Af ofangreindu veltum við up hvort heimilt sé að setja svona stranga kvöð á einn ferðamáta umfram annan. Ef slík kvöð stenst lög þá verðum við, eðlilega, að biðja um :-

1. Skýrt sé getið um forsendur fyrir heimild til lendingar í lögum þannig að svæðisstjórar hafi til staðar verklag og við sem þeir vitum um það verklag
2. ..að verklag sé síðan frekara tilgreint í reglugerð þannig að hægt sé að fá heimildir með skýrum og hröðum hætti

Við vildum bara koma þessum sjónarmiðum á framfæri og erum síðan reiðubúnir að taka þátt í umræðum um þessi lög.

Kveðjur,
Birgir